

Landsyfirrèttardómar 1881

Mánudaginn 10. janúarm.

Nr. 15/1880

Verzlunarstjóri E. Laxdal

gegn

Lofti bónda Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu, sem kveðinn var upp á Akureyri 19. febrúarmán. þ. á., var hinn stefndi, Loftur Guðmundsson, dæmdur til að greiða verzlunarstjóra E. Laxdal fyrir hönd Gudmanns verzlunar á Akureyri verzlunarskuld, að upphæð 109 kr. 14 a., en áfrýjandinn á hinn bóginn skyldaður til að greiða Lofti Guðmundssyni 25 krónur í málskostnað. Svo eru og nokkur ummæli áfrýjanda um hlutaðeigandi sáttanefndarmenn dæmd dauð og marklaus.

Þessum dómi hefir verzlunarstjóri E. Laxdal áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 5. maímán. þ. á., og krafist, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða sér 109 kr. 14 a. með 5% ársvöxtum af þessari upphæð frá sáttakæruðegi, 23. ágústmán. 1879, þangað til borgað verður, og þar að auki allan af máli þessu í héraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað.

Á hinn bóginn hefir stefndi krafist, að dómur undirréttarins verði staðfestur og að áfrýjandinn verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eftir mati réttarins.

Mál þetta er þannig vaxið: hinn stefndi, Loftur Guðmundsson, var í fyrra vor skuldgur nefndri verzlun

um 109 kr. 14 a., sem hann átti að greiða ekki seinna en í sumarkauptíð 1879. Hinn 23. ágústmán. s. á. kom hann með nokkuð af ull til áfrýjanda, sem hann kvaðst ætla að leggja þar inn upp í skuld sína, en áfrýjandi lýsti því þegar í stað yfir, áður en hinn stefndi var búinn að taka upp vöruna, að hann gæti ekki gefið honum eins mikið fyrir hana og hún hefði gengið hæst í sumarkauptíð, en hann skyldi taka hana 5 aurum lægra hvert pund. Þetta líkaði stefnda ekki og fór því á burt með ull sína, og lagði hana inn sama dag við aðra verzlun á Akureyri fyrir 70 aura pundið af hvítri ull, en 50 aura af hinni mislitu. Lét hann jafnframt í veðri vaka við áfrýjanda, að hann hefði hafnað lögmætu borgunartilboði með því að vilja fella ullina í verði frá því sem hún hefði verið mest á sumrinu. Áfrýjandi kærði þegar hinn stefnda fyrir sátta- nefnd, og með því sáttatilaun varð árángurslaus, höfðaði hann mál á hendur honum, og urðu úrslit þess eins og áður segir.

Það er viðurkent, að hinn stefndi var í fyrra sumar í skuld við Gudmanns verzlun á Akureyri, sem áfrýjandi veitir forstöðu, um 109 kr. 14 aura, eins og líka hitt, að honum hafi borið að lúka henni í sumarkauptíð 1879. En hinn stefndi hefir haldið því fram, að hann hafi boðið borgun í tæka tíð, því sumarkauptíð hafi ekki verið á enda 23. ágústmán. það ár, og að honum verði því ekki gefið neitt að sök, heldur megi áfrýjandi kenna sér sjálf- um um, því hann hafi boðið sér minna fyrir ullina en hann hafi getað fengið fyrir hana annarstaðar, en þeim kosti hafi hann ekki þurft að taka, því sér hafi verið heit- ið sama verði fyrir vörur sínar og hann gæti bezt feng- ið hjá öðrum fastakaupmönnum á Akureyri. Hins vegar hefir áfrýjandi haldið því fram, að sumarkauptíð hafi ver-

ið á enda 23. ágústmán. það ár, og stefndi hafi því ekki greitt skuld sína eða boðið greiðslu á henni í ákveðinn gjalddaga, enda hafi hann boðið honum sama verð fyrir ullina — hjer er þó einungis að ræða um hvíta ull, á mislita ull virðist ekki hafa verið minst þeirra í milli — sem hann fekk fyrir hana, og gjörði sig ánægðan með, þar sem hann lagði hana inn, sem sé 70 aura pundið.

Afryjandi hefir lagt fram vottorð frá kaupmönnum á Akureyri — og hefir þeim ekki verið sérstaklega mótmælt — um, að sumarkauptíð 1879 hafi verið á enda þar 1. ágústmán. Vottorð þessi bera enn fremur með sér, að sumarkauptíð ekki er talin á enda á Akureyri ár hvert í sama mund, og er það af þeim ljóst, að kaupmenn sjálfir ákveða árlega, hvenær sumarkauptíð skuli enda, eða með öðrum orðum, hvenær viðskiftamenn þeirra, sem eiga þeim skuldir að gjalda í kauptíð, skuli í síðasta lagi hafa lokið þeim, og þetta virðist með öllu eðlilegt, eftir því sem hagar til hér á landi með verzlun og siglingar. Nú með því þessi siður auðsjáanlega hefir tíðkast um mörg ár á Akureyri, og bændum hlýtur að hafa verið þetta kunnugt, eins og það líka virðist hafa verið venja, að þeir kyntu sér sjálfir, hvenær kauptíð ár hvert væri á enda, án þess kaupmenn létu sérstakt boð um það út ganga, þá fær yfirdómurinn ekki betur séð, en að hinn stefndi hafi látið hinn rétta gjalddaga líða áður en hann bauð fram áður umgetna ull. Þegar nú við þetta bætist, að afryjanda virðist hafa boðið hinum stefnda hæsta verð, sem þá var á henni á Akureyri, eins og það líka er orðið ljóst undir rekstri málsins, að hin fram boðna ull ekki nægði til þess að allri skuld stefnda við afryjanda væri lokið, þá verður ekki álitíð, að afryjandi hafi hafnað góðu og gildu borgunarboði.

Með því hinn stefndi, eins og áður sagt, hefir kannast við, að skuldakrafa áfrýjanda á hendur honum sé rétt, verður að skylda hann til að greiða áfrýjanda 109 kr. 14 a. eins og hann líka eftir málavöxtum á að borga honum málskostnað í héraði með 25 krónum. En vextir af nefndri upphæð verða honum ekki dæmdir, þar sem þeirra ekki er getið í sáttakærinni, né þeirra krafist í héraðsdómsstefnunni.

Ummæli áfrýjanda um hlutaðeigandi sáttanefndarmenn virðast ekki þess eðlis, að næg ástæða sé til að dæma þau dauð og marklaus.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn stefndi, Loftur Guðmundsson, á að greiða áfrýjanda, E. Laxdal, 109 kr. 14 a., og málskostnað fyrir undirdómi með 25 krónum. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 53/1880,

M. Johannessen
gegn

Jóni Erlendssyni.

D ó m u r:

Með stefnu, dagsettri 9. októbermán. 1880, hefir verzlunarstjóri M. Johannessen áfrýjað til yfirdómsins dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 15. apríl-mán. næstan fyrir, en með þessum dómi er hinn stefndi, Jón bóndi Erlendsson á Grímsstöðum, dæmdur sýkn af kærnum og kröfum hans í málinu, og hann dæmdur til að greiða hinum stefnda 20 krónur í málskostnað.